

um aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. marz.)

1. gr.

Komið skal á fót opinberri stofnun, er nefnist Aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera:

1. Að gera tillögur um hugsanlegar framkvæmdir í þágu þróunarlandanna, er kostaðar yrðu af íslenska ríkinu samkvæmt fjárlagaheimild, annaðhvort eingöngu eða í samstarfi við önnur lönd, skipuleggja slíkar framkvæmdir og hafa eftirlit með þeim.
2. Að vinna á annan hátt að auknum samskiptum Íslands og þróunarlandanna, bæði á sviði menningarmála og viðskipta. Skal í því sambandi einkum lögð áhersla á eftirtalin verkefni:
 - a. Að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings á aukinni aðstoð við þau.
 - b. Að vinna að auknum menningartengslum við þróunarlöndin, m. a. með því að rannsaka möguleika á því, að Ísland taki þátt í menntun ungs fólks frá þróunarlöndunum, bæði með því að veita því aðgang að hérlandum menntastofnunum og með því að fá hæfa íslenska menn til þess að annast kennslu við erlendar menntastofnanir, er reknar eru í þágu þróunarlandanna.
 - c. Að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin, eftir atvikum í samvinnu við aðra opinbera aðila og einkaaðila, er áhuga kynnu að hafa á slíku.
 - d. Að veita opinberum aðilum og einkaaðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þágu þróunarlandanna, upplýsingar og leiðbeiningar, eftir því sem þessir aðilar kunna að óska.
3. Að skipuleggja og hafa eftirlit með framkvæmdum í þágu þróunarlandanna, er Íslandi kynnu að vera faldar á vegum Sameinuðu þjóðanna eða stofnana þeirra.
4. Að vinna á annan hátt að því, að framlög Íslendinga í þessu skyni nái sem fyrst því marki, er samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveðinna verkefna í þágu þróunarlandanna, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir starfssvið héraðra einkaaðila, sem að slíkum málum starfa, er lög þessi öðlast gildi.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, er sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, en utanríkisráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að leita sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem fjárveiting til starfsemi hennar leyfir, sbr. 6. gr.

6. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1971.